

HAGNÝT ATFERLISGREINING

E-501-ARGR



Ár: 2. eða 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (sérhæft námskeið í sálfræði).

Undanfarar: E-113-NAMS Námssálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Berglind Sveinbjörnsdóttir.

Lýsing: Í námskeiðinu verður fjallað um kerfisbundna beitingu atferlisgreiningar á hegðun á fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins. Þar á meðal í almennri kennslu og uppeldisfræði, sérkennslu, þjálfun foreldra og klínískri sálfræði svo nokkur dæmi séu tekin. Einnig verður söguleg þróun atferlisgreiningar rædd, en þar á meðal er kenningarleg undirstaða, lögmál um innleiðingu jákvæðra breytinga, einliðasnið í tilraunum og siðfræði í því að breyta atferli.

*Námskeiðið er kennt annað hvert skólaár. Nemendur á 2. og 3. ári taka námskeiðið saman.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Sýnt fram á þekkingu á kenningarlegum grunni hagnýtrar atferlisgreiningar.
- Lýst þeim rannsóknarsniðum sem algeng eru í atferlisgreiningu.
- Lýst þeim skrefum sem taka þarf áður en inngríp á hegðun er hafin.

Leikni

- Sýnt fram á leikni í að nota aðferðir til að mæla hegðun og að meta hegðun.
- Sýnt fram á leikni í að nota aðferðir til að breyta hegðun.
- Sýnt fram á leikni í að skilgreina hegðun og að koma með tilgátu um virkni hegðunar.

Hæfni

- Hafi skilning á því undir hvaða aðstæðum eigi að nota ákveðnar aðferðir til hegðunarbreytingar.

Námsmat: Tímapróf, verkefni og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.